

228. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
þriðjudaginn 23. júlí 2024 og hófst hann kl. 15:15.

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anita Eir Einarsdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir deildarstjóri farsældarþjónustu fullorðinna.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2402299 - Heilsuefling eldra fólks

Tillaga að samstarfi við ÍA varðandi heilsueflingu eldra fólks á Akranesi í samræmi við nýlega samþykkta stefnu um öldrunarþjónustu á Akranesi.

Samráðsfundir hafa verið undanfarna mánuði milli starfsmanna á velferðar- og mannréttindasviði og framkvæmdastjóra íþróttabandalags Akraness (ÍA) um fyrstu skrefin í átt að aukinni heilsueflingu eldra fólks á Akranesi. Laufey Jónsdóttir tengiráðgjafi, Daniel Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja og Guðmunda Ólafsdóttir framkvæmdastjóri sitja fundinn undir þessum lið.

Velferðar- og mannréttindaráð er fylgjandi því að farið verði í tilraunaverkefni í samstarfi við ÍA, til áramóta, um að sinna heilsueflingu eldra fólks á Akranesi. ÍA annast allt utanumhald verkefnisins, auglysingar, undirbúning, þjálfun, eftirfylgni og mælingar. Miðað er við að verkefnið hefjist í september. Framlag Akraneskaupstaðar verður allt að kr. 900.000 á mánuði, heildar framlög vegna ársins 2024 verða allt að kr. 3.600.000. Fjármögnun verkefnisins vegna ársins 2025 er vísað til fjárhagsáætlunargerðar.

Sviðsstjóra er falið að gera samning við ÍA um framkvæmd verkefnisins að fengnu samþykki bæjarráðs.

Erindinu er vísað til bæjarráðs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Kristján H. Sveinsson
Anita Eir Einarsdóttir
Einar Brandsson
Hildigunnur Árnadóttir
Sveinborg Kristjánsdóttir